



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Almannahagur

í ljósi kenninga Karls Marx og Johns Stuarts Mill

Ritgerð til BA prófs í heimspeki

Halldór Einir Smáráson

September 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

Almannahagur

í ljósi kenninga Karls Marx og Johns Stuarts Mill

Ritgerð til BA prófs í heimspeki

Halldór Einir Smáráson

Kt.: 3110636939

Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson

September 2013

Ágrip

Í þessari ritgerð er ætlunin að huga að hagsmunum almennings, bæði á félagslegum og efnahagslegum nótum. Kenningar Karls Marx og John Stuarts Mill um samfélagsgerð og undirstöður samfélagsins mynda grunninn í ritgerðinni. Því er áherslan á þau vandamál sem nútíma lýðræðissamfélag glímir við. Í ljósi kenninga þeirra Marx og Mills hyggst ég draga fram áherslur sem stuðlað geta að almannahag. Getum við fundið sökudólg eða sökudólga og kennt þeim um hvað aflaga hefur farið á síðustu áratugum? Í kenningum Marx og Mills eru grundvallaratriði samfélagsgerðarinnar það sem málið snýst um. Er hægt að finna hjá þessum heimspekingum ráð eða vangaveltur um vandamál sem hrjá samfélag tuttugustu og fyrstu aldarinnar? Hvernig getum við bætt lýðræðið? Skipulag samfélagsins er líka mikilvægt atriði í tengslum við almannahag. Skipulag og stjórnkerfi nítjándu aldarinnar er ekki eitthvað sem heillar nútímamanninn. Er hægt að finna samsvörun í gagnrýni Marx og Mills á yfirvöld og samfélagsgerð við þau vandamál sem nútíminn glímir við? Í ritgerðinni reyni ég að sýna fram á að svo sé. Auðmagninu virðist hafa vaxið ásmegin eftir því sem tíminn líður. Gagnrýni Mills á stjórnvöld síns tíma getur auðveldlega átt við í dag. Einstaklingur sem er mótaður eftir höfði yfirvalda, gengur væntanlega í takt við stjórnvöld. Þetta er ein megin gagnrýni Mills á stjórnvöld, hann óttast hjarðhegðun. En hvernig er skipulagi samfélags best stjórnað svo einstaklingurinn njóti sín? Er undirstaðan að heilbrigðu samfélagi fólgin í almannahag? Eða er almannahagur eitthvað sem erfiðara er að henda reiður á? Þessum spurningum verður eflaust ekki svarað í einu vetfangi. Þessi ritgerð dregur fram áherslur úr kenningum Marx og Mills sem vert er að hafa í huga við úrlausnir manna á vandamálum samtímans.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Karl Marx	3
Efnishyggjan og trúin	3
Auðmagnið	6
Kapítalismi	8
Félagsveran, maður	11
Efnahagsleg nauðhyggja	12
John Stuart Mill	14
Raunhyggjan	14
Nytjastefnan	16
Félagsleg frjálshyggja	18
Frelsi einstaklingsins	20
Undirstaðan	22
Lokaorð	24
Heimildaskrá	27

Inngangur

Almannahagur og hugmyndir manna um það hvað felist í því orði er meginsteifið í þessari ritgerð minni. Nánar tiltekið verður almannahagur í ljósi kenninga Karls Marx og Johns Stuarts Mill rannsóknarefni mitt. Ég mun leitast við að draga fram ákveðna punkta úr kenningum þessara heimspekinga og leita svara við þeirri spurningu hvernig almannahagur geti náð fram að ganga.

Núna árið 2013, þegar naprir vindar blása um stjórnarskrá okkar Íslendinga, er ekki úr vegi að hugleiða þær undirstöður samfélagsins sem kenningum þeirra Marx og Mills var beint að. Er hugtakið lýðræði notað til þess að bæta stjórnarfar eða er það notað til þess að bæta undirstöður samfélagsins? Undirstaða og yfirbygging, eru það ekki tveir óaðskiljanlegir hlutir? Á *bjargi byggði hygginn maður hús* er tilvísun í Matteusarguðspjall og setning úr barnavísu eftir ókunnan höfund. Mikilvægi undirstöðunnar kemur skýrt fram í þessum orðum. Mikilvægi undirstöðunnar kemur líka skýrt fram hjá Descartes þegar hann setur sér fjórar reglur¹ til skoðanamyndunar, og vill með því sameina kosti rökfræðinnar, flatarmálsfræðinnar og algebrunnar, en sleppa ókostum þeirra. Þegar byggingin er risin hverfur undirstaðan eða verður samofin yfirbyggingunni. Sagan leiðir líka í ljós á hversu góðum undirstöðum hlutir eru byggðir, því hugsun sem sett var fram fyrir hartnær 2500 árum og er enn góð og gild hlýtur að byggja á traustri undirstöðu, um það verður varla deilt. Í inngangi að *Ríkinu* eftir Platon segir Eyjólfur Kjalar Emilsson að „veldi *Ríkisins* byggist ekki síður á því að margar hugmyndir þess lifa orðið sjálfstæðu lífi“.² Orð Ottós Mátssonar eiga samt betur við þessa ritgerð, en í upphafi inngangs síns að *Æskuverkum* Karl Marx biður hann lesandann „um að virkja ímyndunarafli sitt og hverfa um stund úr nýtískum, sögulausum auðmagnsheimi, þar sem allri visku er linnulaust umbreytt í fjárhæðir ellegar einhverjar aðrar mjög svo virðulegar talnarunur og fagrir hlutir víkja án afláts fyrir svonefndum *flottum* hlutum“.³ Á þessum nótum mun ég nálgast kenningar Marx og Mills, grafast fyrir um undirstöður þeirra og annaðhvort gagnrýna þær eða samsinna þeim.

¹ René Descartes, *Orðræða um aðferð* (þýð. Magnús G. Jónsson), Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 1998, bls .79.

² Platon, *Ríkið fyrri bindi* (þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson), Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 2009, bls. 9.

³ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum* (þýð. Ottó Mátsson), Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 2011, bls. 9.

Eitt af því sem ég mun leiða í ljós er að Mill hefur meiri trú á hinu opinbera en Marx. Mill hefur trú á því að stjórnvöld setji leikreglur sem tryggi almannahag og stuðli að framförum bæði á samfélagslegum nótum sem og tæknilegum nótum. Hugmyndir Marx um almannahag snúast hins vegar meira um þróun valds og hvert sú þróun leiðir. Í bréfi sínu til Ruge frá maí 1843, segir Marx eftir að vera búin að fara yfir það hvernig valdsmenn þjóðanna ráðskast með almenning og skara eld að eigin köku:

Þjóðverjar eru svo kænir raunsæismenn að hástemmdustu hugsanir þeirra og óskir taka aldrei til nokkurs hlutar umfram það að draga fram lífið. Og á þennan veruleika óbreyttan fallast stjórnendur þeirra.⁴

Í þessum orðum finnst mér birtast sú skoðun Marx að sagan skýri nútíðina, þ.e. öll þau dæmi um kúgun og valdbeitingu sem finna má í fortíðinni birtist eða endurspeglast í nútíðinni. Þannig geymir sagan dæmi um þá fíringu sem hann hefur hvað mestar áhyggjur af. Ráðamenn munu aldrei gera neitt sem gæti skaðað þeirra eigin hag, en láta almannahag of oft lönd og leið. Fíringin sé í raun afleiðing fortíðarinnar og við því verði að bregðast.

⁴ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 144.

Karl Marx

Efnishyggjan og trúin

Efnishyggju er erfitt að útskýra. Í bók sinni *Heimspekisaga*⁵ segja þeir Gilje og Skirbekk að Marx aðhyllist hvorki siðferðilega né frumspekilega efnishyggju, heldur sé efnishyggja hans á sögulegum forsendum, það er söguleg efnishyggja. Siðferðileg efnishyggja byggir á því að veraldlegur gróði sé það sem skiptir máli en frumspekilega efnishyggjan heldur því fram að það sé ekkert til í heiminum annað en efniseindir sem lúti lögmálum náttúrunnar.

Minn skilningur á efnishyggju Marx er á þá leið að söguleg efnishyggja sé siðferðileg efnishyggja. Marx er upptekin af sögunni. Hagfræðin sem er á dögum Marx í mótun⁶ sem sjálfstæð fræðigreinin byggir að miklu leyti á *Auðlegð þjóðanna* eftir Adam Smith sem út kom 1776. Hugmynd Smiths um ósýnilegu höndina er ekki merkileg að mati Marx⁷, og hann líkir henni við ríkjandi óreiðu þar sem tilviljun og duttlungar eru ráðandi þáttur í framleiðslu. Hvernig verður virði einhvers hlutar mælt? Er virði vinnunar mælt í þágu verksmiðjueigandans, auðmagnseigandans? Þetta eru spurningar sem vakna við að hugsa um sögulega efnishyggju. Virði einhvers hlutar, hvort heldur hluturinn er efnislegur eða óefnislegur hlýtur að felast í nytjum hlutarins. Marx er þarna á öðru máli og segir að virði hlutar fari eftir því vinnuafli sem lagt er í gerð hlutarins. Vinnuafli er það sem gefur hlutum gildi. Hann skiptir þessum gildum upp í notagildi og skiptigildi, en aðalatriðið í skilgreiningunni er það að vinnuaflið er uppspretta gildis.⁸ Þetta á að vera skilgreining en ekki kenning sem þarf að sanna.

En er veraldlegur gróði og reynsla manna af gróða endilega sami hluturinn? Er það ekki í almannahag að gróði sé sem mestur? Reynsla manna af gróða getur auðveldlega litað afstöðu manna til gróða. Þetta er það sem þarf að hafa í huga þegar hugsað er um almannahag út frá kenningum Marx. Kenningin um það að vinnuafli ráði verði er túlkunaratriði, hagkerfið er flókið fyrirbæri, jafnflókið á 19. öldinni og það er nú á þeirri tuttugustu og fyrstu. Skilgreiningar og kenningar hafa komið og farið, verið afsannaðar eða endurvaktar. Sagan

⁵ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje. *Heimspekisaga* (þýð. Stefán Hjörleifsson), Háskólaútgáfan: Reykjavík 2008, bls. 504.

⁶ Robert B. Ekelund, Jr. & Robert F. Hébert, *A History of Economic Theory and Method*, fimmta útgáfa, Waveland press, inc. Illinois, USA 2007, bls. 101.

⁷ Robert B. Ekelund, Jr. & Robert F. Hébert, *A History of Economic Theory and Method*, bls. 251.

⁸ Robert B. Ekelund, Jr. & Robert F. Hébert, *A History of Economic Theory and Method*, bls. 253.

leiðir sannleikann í ljós. Þróun samfélagsins á tímum Marx er líka áhugaverð í þessu sambandi. Á þeim tíma er auðmagnið greinilega að sýna á sér nýjar hliðar með stórtækum iðnaði, og maðurinn á sér vart viðreisnar von í slíku umhverfi. Kapítalið knýr öreigann til samstarfs, hvort sem honum líkar það betur eða verr. Neysla eykst, kapítalið stjórnar neyslunni líka. Þú vinnur til að borða og borðar til að vinna, fírringin er algjör. Samfélagið verður drifið af þessari hugsun en samt er hagkerfið undirstaða tilverunnar⁹ hjá Marx. Ástand sem þetta byggir hvað á öðru, þú verður að borða til þess að geta unnið, og þú verður að vinna til þess að geta aflað þér matar. Sjálfsþurftabúskapur er hverfa og kapítalískt viðskiptamódel er að birtast, Marx er að mörgu leiti hrifnari af lífinu við sjálfsþurftabúskap, því vinnuaflið er uppspretta virðis, ekki framleiðslan sem slík.

Var hægt að sækja í sögulegar skýringar merki um slíkt ástand? Stjórnskipulag hafði einkennst af konungsveldi, einkaréttindum ýmiss konar og sérréttindum hópa. Stjórnspeki Marx hefur dregið dóm af þessu, hann var auðvitað þaukunnugur frönsku byltingunni (1789 – 1795), og var mikið í mun af læra af þeirri reynslu. Hann taldi byltinguna til marks um það að öreigarnir þyrftu ekki að bera kapítalismann á bakinu. Skoðun Marx var hins vegar sú að efnahagslífið væri undirstaða sögulegrar þróunar og tilverunnar yfirleitt.

Eflaust vildi Marx endurbæta eða afsanna kenningu Adam Smiths um ósýnilegu höndina og eina leiðin að mati Marx til að leysa þetta stjórnleysi og þá fírringu sem ríktu á markaðnum var bylting. Marx leit svo á að í markaðsþjóðfélaginu skipti virði alls sem framleitt var í reynd ekki máli, og að þar sem virði vinnunnar er gildi sem skilgreint er á markaði, hljóti almannahagur að vera bundinn við skiptigildi vinnu og vöru, þ.e. peninga. En hvort kemur fyrst, undirstaðan eða yfirbyggingin? Í ritdómi sínum um verk Bruno Bauer, *Um gyðingamálið* segir Marx:

Peningarnir eru hið firrta inntak vinnu manna og tilveru þeirra, og þetta framandeðli drottnar yfir mönnum, sem tilbiðja það. Guð gyðinganna er orðin veraldlegur guð heimsins alls. Hinn raunverulegi guð gyðinga er víxillinn. Guð þeirra er tálsýn, ekki alvöru víxill.¹⁰

Í þessu samhengi ræðir hann síðan um sameiginlegar auðlindir og vandamál sem skapast af eignarétti. Þetta finnst mér vera í ósamræmi við skilgreininguna á vinnugildi, en í samræmi við fírringuna. Því er almannahagur greinilega ekki fólgin í peningum að mati Marx. En söguleg efnishyggja teygir sig samt í peningana til útskýringar á mörgu, þótt almannahag sé

⁹ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje. *Heimspækisaga*, bls. 506.

¹⁰ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 203.

betur borgið við jafna skiptingu veraldlegra gæða. Í efnishyggju Marx kemur efnið á undan andanum, en þrátt fyrir það eru andans mál honum hugleikin. Því spila efnishyggjan og trúin saman, vinnan veldur firringunni að mati Marx og vinnan er þekkingarfræðilegt¹¹ hugtak í huga Marx. Þá hefur þekking á vinnu tvær hliðar, þ.e það sem einstaklingurinn veit um vinnu og það sem samfélagið veit um vinnu. Þekking sprettur af reynslu og því kemur fram óvissa sem erfitt er að henda reiður á, eru þetta ekki bara tvö sjónarhorn á sama hlutinn? Vinna er nauðsynleg undirstaða hagkerfis og um leið almannahags. Því mætti túlka skilgreiningu Marx á vinnu sem tengingu einstaklings við samfélagið og í þessari tengingu er galli. Hagkerfið snýst um kapítalið og vinnu, virði vinnunar er óefnislegt en kapítalið efnislegt, og sambandið þarna á milli einkennist af firringu.

Um trúna virðast gilda nokkuð svipaðar skoðanir hjá Marx og um efnishyggjuna. Um gyðingamálið segir Marx:

Um leið og gyðingar og kristnir menn viðurkenna að trúarbrögð þeirra eru aðeins *ólík þróunarstig mannsandans*, ólíkir slönguhamir sem *sagan* hefur varpað af sér og maðurinn *slangan* sem bar þá, verður afstaða þeirra hvorra til annara ekki lengur trúarleg, heldur aðeins gagnrýnin, *vísindaleg*, mannleg afstaða. *Vísindin* sameina þá, og úr vísindalegum andstæðum leysa vísindin sjálf.¹²

Þetta er dæmi um sögulega efnishyggju með siðferðilegu ívafi. Þessi skrif Marx um gyðingdóminn eru ansi harkaleg og andsnúin gyðingum við fyrstu sýn. Ottó Másson þýðandi verksins¹³ bendir á það að sögulegar staðreyndir um veraldleg málefni gyðinga hafi sitt að segja, samanber sú sögulega staðreynd að öldum saman hafi gyðingar stundað okurlánastarfsemi sem hafi skapað þeim óvinsældir. Marx er hér meira að benda á þá sögulegu staðreynd að trúin kúgi menn til hlýðni við gildandi reglur trúarbragðanna, líkt og líkingin um slönguhamina ber með sér. Almannahagur er þá fólgin í því að kasta trúnni fyrir róða, ef marka má Marx, hann tengir pólitísk ríkisafskipti og túmál og fer mikinn í því að útlista þessi málefni og skýra hvernig þetta tengist og það sem þarf að leiðrétta:

Pólitísk frelsun gyðinga, kristinna manna og trúaðra manna yfirleitt er frelsun ríkisins undan gyðingdómi, undan kristindómi, undan trúarbrögðum yfirleitt. Ríkið öðlast frelsi frá trúnni með þeim hætti sem því er eiginlegur og eðlilegur, þ.e. með því að leysa sig undan ríkistrúnni; sem eiginlegt ríki viðurkennir það því engin trúarbrögð, en viðurkennir sjálf sig í staðinn sem eiginlegt ríki. Pólitísk frelsun undan

¹¹ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje. *Heimspækisaga*, bls. 507.

¹² Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 160.

¹³ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 108.

trúarbrögðunum er ekki algjör, fortakslaus frelsun undan trúarbrögðunum, enda er pólitísk frelsun ekki algjör og afdráttarlaus *mannleg* frelsun.¹⁴

Því er það í almannahag að frelsi í trúmálum sé ríkjandi, ríkið sé ekki bundið af trúarlegum málefnum, þ.e. engin ríkistrú sé til staðar og einstaklingurinn sé því frjáls til trúar. Gagnrýni Marx á trúna og ríkið virðist ekki eiga sér nein endamörk, hann finnur þessum tengslum allt til foráttu og segir svo í hugmyndum sínum um ófullkomið ríki:

Hið svonefnda kristilega ríki er *ófullkomið* ríki, og kristindómurinn *uppbót* og *tignun* ófullkunnar þess. Trúin verður þannig að *tæki* í höndum þess ríkis, og það er því ríki *hræsninnar*.¹⁵

Í þessum ritdómi Marx *Um gyðingamálið* finn ég bara andúð á ríki og kirkju, hvort um sig kúga öreigann, kirkjan og ríkið eru birtingarmynd spillingar, firringar, óreiðu og stjórnleysis. Það er kannski ekki skrítið í ljósi sögunnar. Allar þessar röksemdafærslur eiga við enn þann dag í dag. Í samfélaginu verður því almannahag best borgið við það að öðlast pólitískt frelsi, sem er frelsi undan oki ríkis og trúar.

Auðmagnið

Afleiðing vinnu er ávöxtur vinnunnar hverju nafni sem við viljum kalla hann. Það sem Marx kallaði framleiðsluafli samanstóð af landi, vinnuafli, auðmagni og tækni. Allir þessir þættir eru tiltölulega breytilegir og sveigjanlegir bæði í magni og gæðum. Hver einstaklingur mun á lífsleið sinni ganga í gegn um margskonar tengsl sem eru honum ómissandi sem vinnandi manni en óháð vilja hans. Þessi tengsl við framleiðsluna vísa til ákveðinnar þróunar á færni og framleiðni verkamannsins. Þessar kapítalísku reglur eru nauðsynlega kyrrstæðar og innhalda nauðsynlega tvær tegundir tengsla, eignatengsl og mannleg tengsl. Eignatengsl eru á milli manna og hluta (eigna) og mannlegu tengslin eru á milli manneskja. Samkvæmt Marx, er summa þessara tengsla undirstaða efnahagsins.¹⁶ Markaður með vörur kemur ekkert við sögu í þessum hugmyndum Marx heldur aðeins vöruskipti, þú skiptir á tveimur fiskum fyrir brauð. Við þau skipti eykst ekki virði annar hvorrar vörunnar, því báðir aðilar eru sáttir og það skiptir ekki máli hvort annar aðilinn hagnaðist á viðskiptunum eða ekki. Kapítalið (auðmagnið) kemur til þegar byrjað er að versla með vörur fyrir peninga og vinnuafli verður að vöru. Kapítalið er ávöxtur vinnunnar, virðisaukinn sem eftir stendur þegar

¹⁴ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 167-168.

¹⁵ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 175-176.

¹⁶ Robert B. Ekelund, Jr. & Robert F. Hébert, *A History of Economic Theory and Method*, bls. 247.

verksmiðjueigendur eru búnir að arðræna öreigana, þetta er einfalda skýringin á tilurð auðmagns í kenningum Marx.

Í bók sinni um sögu hagfræðinnar skýra þeir Ekelund og Hébert þetta á þann veg að fyrir Marx séu þetta tvö vandamál: 1. Ef vinnuafli er kjarni skiptavirðis, hvað er þá skiptavirði vinnuafli? 2. Hvernig er virði verksmiðjuframleiddrar vöru ákveðið? Svárið við fyrri spurningunni felur í sér kenningu um laun, en það síðara felur í sér kenningu um kapítal (auðmagn). Skiptavirðinu er skipt upp í laun sem duga fyrir nauðþurftum vinnuafli og afgangur launanna er upphæð sem sé æðri(e. *over and above*). Fyrri hlutan kallar hann samfélagslega nauðsynlegt vinnuafli, sem ákvarði skiptavirðið á vinnuafli, launin sjálf. Það seinna, virði þess sem umfram er, æðra virðið, eigna kapítalistarnir sér. Umframvirðið er tilkomið vegna þess að vinnuaflið er framleiðnara en virði þess, en ekki vegna þess að verkamaðurinn fær greitt minna en hann er virði.¹⁷ Uppsöfnun þessa umframvirðis skapar auðmagnið.

Það er ekki einfalt að skilja hugmyndir Marx um þessa skiptingu, auðs og vinnuafli. Stjórnskipulag sautjándu og átjándu aldar hljóta að hafa markað þessar hugmyndir, og Marx séð fyrir sér leiguliða úr bændastétt sem búíð var að breyta í vinnudýr í verksmiðju. Ósanngirni og kúgun hafa einkennt slík samskipti verkamanna og yfirboðara í ljósi sögunnar. Vinnuaflið er misnotað, arðrænt, líkt og leiguliðar sem þurftu að skila stærstu hluta uppskeru sinnar til landeigenda, þá verða verkamenn í verksmiðju af hluta réttmætra launa sinna.

Í þessari kenningu Marx er mótsögn, sem er svona í sinni einföldustu mynd: Saumastofa með þúsund manns í vinnu ætti að skila meira umframvirði en álverksmiðja með tvöhundruð starfsmenn.

Þeir Ekelund og Hébert benda á það að í fyrri skrifum Marx hafi hann horft fram hjá þessari staðreynd, en í þriðja bindi *Auðmagnsins (Das Kapital)* segi Marx að kenning sín um samkeppni auðmagns leysi þessa þversögn. Kenningin felst í því að samkeppni milli fyrirtækja og verksmiðja hefur tilhneigingu til að koma á samræmdu hlutfalli hagnaðar fyrir öll fyrirtæki sem eru þátttakendur í framleiðslu. Þegar þessum meðalhagnaði er bætt við misjafnan framleiðslukostnað í margvíslegum framleiðslugreinum, mun einstakt frávik markaðsverðs frá sönnu virði vinnuafli hafa tilhneigingu til þess að stytast út á heildina

¹⁷ Robert B. Ekelund, Jr. & Robert F. Hébert, *A History of Economic Theory and Method*, bls. 252-253.

litið.¹⁸ Hagur almennings eða hagur heildarinnar er ekki það sama í þessum kenningum Marx, það er greinilega munur á eiganda verksmiðju og verkamanni í sömu verksmiðju. Aftur kemur upp nauðsyn þess að skýra undirstöðuna. Í þessum kenningum er undirstaðan yfirbyggingin og öfugt. Verksmiðja verður ekki rekin án verkamanna og án verksmiðju eru engir verkamenn.

En er þetta endilega punktur Marx? Þetta er greinilega þversögn sem erfitt hefur reynst að leysa. Auðmagnið hefur þann eiginleika að hlaðast upp, vefja utan á sig og skýring Marx á því hvernig umframvirði vinnu verkamanns situr eftir hjá eiganda verksmiðjunnar stendur enn óhöggud. Er það ekki skipting þessa virðis sem málið snýst um, sanngjörn skipting lífsgæða? Mér finnst allt of mikil áhersla á óreiðuna og kúgunina í þeim skrifum sem ég hef lesið um *Auðmagnið*, en minni áhersla á skynsamlega skýringu Marx á því hvernig auðmagnið safnast saman. Engu að síður er áhugavert hvernig reiði Marx út í kerfið kemur fram í hugmyndum hans um stigmagnað auðvald, vöxtur auðs leiðir til meiri vaxtar og firringin tekur völdin. Almanahag er þá best borgið með réttlátri skiptingu þessa auðs sem skapast við umframvirði vinnuframlags hvers verkamanns. Eignarétturinn er leið til glötunar, eignaréttur gefur einhverjum leyfi til að versla með hluti. Á síðustu blaðsíðum ritdómsins *Um gyðingamálið* segir Marx: „Ríkjandi viðhorf til náttúrunnar þar sem einkaeignin og peningarnir ráða er fyrirlitning og smánun hennar í verki“.¹⁹ Hann heldur síðan áfram að telja upp alla þá firringu sem peningahyggja og eignaréttur leiða til. Því er erfitt að sjá hvar almannahagur er fólgin í þessum kenningum, en í einhverskonar jöfnuði auðs er líklegast að Marx hefði staðsett almannahag.

Kapítalismi

Kapítalismi eru samfélagshættir þar sem auðmagnið er við stjórn. En hvað stjórnar fólkinu, einstaklingunum í samfélaginu? Kannski er það þörf fyrir fæði og klæði, eða einhvers konar þörf fyrir samveru í samfélagi manna. Það er á hreinu hvað Marx varðar, hvað stjórnar einstaklingnum, það eru efnislegar þarfir. Ekelund og Hébert vitna í *Þýsku hugmyndafræðina* eftir Marx, þar segir í minni þýðingu:

Menn verða að geta lifað í samlyndi til að *sagan verði til*. Þess vegna er fyrsta sögulega gjörðin *framleiðsla* af því tagi að fullnægja þörfum samlyndis, framleiðsla á efnislegu lífi.²⁰

¹⁸ Robert B. Ekelund, Jr. & Robert F. Hébert, *A History of Economic Theory and Method*, bls. 253-254.

¹⁹ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 204.

²⁰ Robert B. Ekelund, Jr. & Robert F. Hébert, *A History of Economic Theory and Method*, bls. 246.

En að dómi Marx er samansafnað auðmagn svo firrt að það mun tortíma sjálfu sér. Í bréfi Marx til Ruge frá 1843 kemst hann skammtilega að orði nokkrum sinnum um skipulag samfélagsmála. Hann er að hugsa um úrbætur en hefur áhyggjur og segir:

Eigi aðeins hefur brotist út almennt stjórnleysi meðal umbótasinna heldur verður hver að viðurkenna það með sjálfum sér að hann hefur enga nákvæma hugmynd um hvað ætti að gerast.²¹

Marx vill með þessum orðum hvetja menn til dáða í baráttunni við öfl auðmagnsins og stjórnvalda og uppgötva nýjan heim með gagnrýni á þann gamla. Þetta minnir um margt á umræður hér á Íslandi í aðdraganda kosninga 2013 þar sem menn kepptust við að gagnrýna verk ráðamanna frá fyrri stjórnartíð og ætla sjálfir að uppgötva nýtt Ísland á sömu forsendum og giltu í fortíðinni. Marx var þó að reyna að finna nýjar forsendur. En Marx verður ekki skotaskuld úr því að senda heimspekingum sneið:

Heimspekingar hafa til þessa látið lyklna sem upp ljúka öllum gáttum liggja í skrifborðum sínum; heimskur, grandalaus heimurinn skyldi aðeins bíða þess að fá steiktar hænur hinnar gjörtæku vísinda hlaupandi upp í opið gin sitt.²²

Í *Kommúnistaávarpinu* leggur Marx áherslu á þennan stéttamun, og þá óskaplegu þróun sem orðið hefur í samgöngum, framleiðsluþáttum og samþjöppun valds. Tímabil borgarastéttarinnar einkennir nútímann segir Marx, þjóðfélagið skiptist í tvær stórar andstæðar stéttir, auðmenn og öreigalýð. Rætur borgarastéttarinnar liggja í ánauðugum miðaldabændum, því þaðan komu fyrstu borgarar verslunarbæjanna.²³ Áfram er haldið við greiningu ástandsins í samfélaginu, hagur samfélagsins var að veði, ríkið er ekkert annað en valdataeki til að gæta hagsmuna auðvaldsins. Sagan er Marx hugleikin við að skýra samfélagsgerðina, og hann segir:

[...] eignaréttur aðalsins var ekki lengur samrýmanlegur vexti og viðgangi framleiðsluafllanna. Hann lagði bönd á þau, bönd, sem varð að slíta. Og borgarastéttin sleit þau. Þá rann upp öld frjálsu samkeppninnar, með því þjóðfélagsskipulagi, sem henni hæfði, fjárhagslegu og pólitísku alræði auðmannanna.²⁴

Örlög hins einstaka borgara skína í gegn um þessi skrif Marx, hvernig vélarnar ræna hann vinnunni, hvernig stærð verksmiðjanna gerir lítinn einstakling minni, hvernig samkeppni á

²¹ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 152.

²² Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 152.

²³ Karl Marx og Friedrich Engels, *Kommúnistaávarpið*, (þýð. Sverrir Kristjánsson), Jafnaðarmannafélagið, prentsmiðja Odds Björnssonar: Akureyri 1924, bls. 24.

²⁴ Karl Marx og Friedrich Engels, *Kommúnistaávarpið*, bls. 30-31.

vinnumarkaði neyðir fólk til að setta sig við lægri laun. Fjölskyldan er í hættu vegna langs vinnutíma og lítillar innkomu. Kúgun blasir við hvert sem lítið er í samfélaginu, kúgunin fer eftir virðingarröð og öreiginn verður aftastur í þeirri röð. Þarna skín vandamál hins vinnandi manns í gegn, hann er aftastur í röðinni og þegar röðin kemur að honum er lítið eða jafnvel ekkert eftir. Bilið á milli borgarastéttarinnar og öreiganna eykst og byltingar er þörf.

Allar stéttir á undan öreigastéttinni hafa tryggt lífskjör sín með því að þröngva skipulagi sínu upp á samfélagið. Marx telur hag öreiganna mestan ef þeir tryggja lífskjör sín á þann hátt að þeir náí:

völdunum yfir framleiðsluöflunum, að hann afnemi allt launavinnukerfið eins og það hefur tíðkast, og ekki einasta það heldur og allan eignarrétt á framleiðslugögnum. Öreigarnir hafa ekkert að tryggja. En þeir þurfa að rífa niður feiknin öll af forréttindum.²⁵

Í þessum orðum felst sú staðreynd að öreigarnir áttu að afnema eignaréttin og öðlast hann sjálfir (eða áttu verksmiðjurnar að eiga sig sjálfar?). Þarna finnst mér hugmyndin um almannahag hafa beðið skipbrot, því hver á að hugsa um það sem enginn á? Ég fæ það líka á tilfinninguna að hugmyndin sé sú að í samfélaginu sé bara undirstaða en ekkert sem heiti getið stjórn samfélagsins. En þessar breytingar eru gerðar með hag öreiganna að leiðarljósi og öreigarnir eru stærstur hluti mannkyns. Sagan hefur sagt Marx að hnignun samfélaga sé óumflýjanleg eða jafnvel nauðsynleg, því er þessi bylting nauðsynleg til að efla almannahag og stuðla að bættu samfélag. Öll þessi úrkynjun, spilling og kúgun sem átt hefur sér stað með samþjöppun auðs og valds mun bara leiða til þess eins að kapítalisminn mun tortíma sjálfum sér. Þá segir Marx:

Lífsskilyrði auðmagnsins er launavinnan. Grundvöllur launavinnunar er samkeppni verkamannanna. En iðnaðarþróunin bindur enda á samkeppni þeirra og samtakaleysi og sameinar þá í verkalýðsfélagunum undir merki byltingarinnar. Iðnaðarframfarirnar, sem borgarastéttin hefur mest barist fyrir, grafa þannig án vilja hennar og vitundar, ræturnar undan skipulagi hennar, framleiðslu og eignarétti. Auðvaldið grefur sér sjálft gröfina. Fall þess er jafn óumflýjanlegt og sigur öreigalýðsins.²⁶

Þarna eru fléttur sem lýsa innviðum samfélags og segja margt um hugsun Marx og áhuga hans á samfélagsgerðinni. Þarna er grunnurinn að hinni frægu setningu Marx og Engels, *Öreigar allra landa sameinist*. Sameining öreiganna er allra hagar.

²⁵ Karl Marx og Friedrich Engels, *Kommúnistaávarpið*, bls. 39.

²⁶ Karl Marx og Friedrich Engels, *Kommúnistaávarpið*, bls. 41.

Félagsveran, maður

Marx hefur sterkar skoðanir á manningum sem slíkum og hvernig maðurinn rekst í samfélagi við aðra menn, og ekki síst hvernig manningum og stjórnvöldum kemur saman eða kemur ekki saman er kannski nær að segja. Í bréfi sínu til Ruge frá því í maí 1843 segir Marx að það sé öfundsvert að verða fyrstur til þess að hefja nýtt líf, og það muni þeim hlotnast Marx og Ruge. Stjórnvöldum líkir hann við gamla þursa sem þarfnast skoðunar, þessir herrar séu í raun bara til uppfyllingar líkt og maðkar sem fylla hræ. Þessar lýsingar á samfélagi manna í Þýskalandi á miðri nítjándu öld eru ekki fallnar til þess að auka tiltrú manns á þessu samfélagi sem þá var í gangi. Allavega ekki eftir lýsingum Marx. Hann lýsir broddborgurinum sem skynlausum skepnum, þeir séu hvorki viti bornar verur né frjálsir menn, það eina sem þeir vilja gera er að auka kyn sitt. Þýskur stjórnmalamaður myndi vilja bæta við slíka lýsingu á broddborgara, að maðurinn viti vilja sinn og Þjóðverjar vilji ekkert aukreitís. Broddborgari er því skammaryrði yfir viljalaust verkfæri auðmagnsins. En af þessu ástandi hefur Marx áhyggjur og segir:

Mannlega sjálfsvirðingu og frelsistilfinningu verður að vekja aftur í brjóstum þessa fólks. Þessi tilfinning hvarf úr heiminum með Grikkjunum, og tók sér með kristindóminum bólfestu í himinblámanum. En því aðeins að hennar njóti við getur samfélagið nokkru sinni aftur orðið félag manna sem fá sínum æðstu markmiðum fullnægt, lýðræðislegt ríki.²⁷

Félagslegt umhverfi manna er þeim hættulegt að mati Marx, og hjarðhegðun leiðir til vaxandi vandamála við stjórnun og pólitísk afskipti. Menntan sjálf er líka mikið atriði, að menn geri sér grein fyrir því að sjálfstæður vilji þeirra sé til staðar svo þeir verði ekki viljalaus dýr sem einungis ganga í takt. Hjarðhegðun manna gerir auðvaldinu hægt um vik að stjórna eftir eigin geðþótta, og öreigar sem eru í slíku ástandi að sjálfstæður vilji þeirra sé í einhverskonar biðstöðu, þeir öreigar eru auðveld bráð auðvaldsins. Marx segir að hvergi í heiminum sé þessi heimur fullkomnari en akkúrat í Þýskalandi, heimur sem hann kallar *pólitískt dýraríki*, staðnaður heimur auðvalds, en í Frakklandi tókst byltingunni að endurreisa manninn til virðingar sinnar. Fyrir harðstjóranum eru menn ávallt auvirðilegir. Í einræði er konungurinn í raun kerfið af því að hann er eina pólitíska persónan, og ef konungurinn sem er þá fulltrúi dýraríkisins, í líkingum Marx, ætlar að reyna að breyta einhverju í samfélaginu er sú tilraun dauðadæmd samkvæmt Marx:

²⁷ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 143.

Örlög þessarar tilraunar eru vel kunn: hún mistókst gersamlega, af eðlilegum ástæðum. Því að í dýrariki stjórnmalanna kemst ekkert afturhald lengra aftur á bak, og framfarir verða heldur ekki neinar nema alveg sé horfið frá grundvelli þess og tekið til við umbreytinguna til mannheims lýðræðisins.²⁸

Mannheimur lýðræðis, er falleg og göfug lýsing á samfélagi manna, og ég myndi ætla að þar byggi hagur allra, almannahagur hinn mesti.

Efnahagsleg nauðhyggja

Er sagan að endurtaka sig án undantekninga? Kannski er nær að spyrja, er kapítalískt hagkerfi bundið á klafa óbreytileikans? Hagkerfið er undirstaða samfélagsins að mati Marx. Þeir Ekelund og Hébert segja að það sem geri hagfræði Marx eins sérstaka og raun ber vitni sé sú staðreynd að honum takist að flétta saman heimspekilegum, sögulegum, félagsfræðilegum, sálfræðilegum, pólitískum og efnahagslegum rökum í eina samhangandi heild.²⁹

En fullyrðingar Marx um samfélagið og þróun þess eru litáðar af þeirri sögulegu efnishyggju sem einkennir skrif hans. Kerfið samanstendur af undirstöðu og yfirbyggingu. Um það eru menn sammála. Hvar liggur þá almannahagur? Mín tilfinning fyrir hugmyndum Marx er á þá leið að ef ég líki hagkerfinu við pýramída, þá finnst mér hann vera á hvolfi. Því samkvæmt efnishyggju Marx er undirstaðan mjög smá. Þar eru öreigarnir, og þrátt fyrir það að öreigarnir eru miklu fleiri en auðmennirnir þá er undirstaðan veikbyggð vegna efnahagsins, en yfirbyggingin ógnarstór þar sem auðvaldið og yfirstjórn samfélagsins er. Slík bygging hlýtur að riða til falls, þó ekki væri nema fyrir lögmál eðlisfræðinnar. Uppistaða efnahagsins er þá bundin í yfirbyggingunni, og ef hagkerfið er í raun undirstaðan þá er ekki skrítið að slíkt samfélag tortími sjálfu sér. Eins getum við tekið dæmi um Háskóla Íslands, hvar væri skólinn án kennara og nemenda og hvar væru kennarar og nemendur án skólans? Ef umframvirði vinnu kennara rynni ekki til skólans þá væri enginn skóli. Ég ætla að láta lokaorð mín um efnahagslega nauðhyggju vera samhljóma Skirbekk:

Það fer því ekki á milli mála að efnahagsleg nauðhyggja leiðir til mjög afdráttarlausrar stjórnmalastefnu. Hinar öfgarnar eru þó síst álitlegri. Enda þótt nauðhyggjan sé afar hæpin er ljóst að það er eitthvað til í því að efnahagslegar og verraldlegar aðstæður hafa áhrif á reynslu okkar og hugsunarhátt. Það er bersýnilega erfitt að rata meðalhófið.³⁰

²⁸ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 147.

²⁹ Robert B. Ekelund, Jr. & Robert F. Hébert, *A History of Economic Theory and Method*, bls. 243.

³⁰ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje. *Heimspokisaga*, bls. 508.

Að þeim orðum sögðum ætla ég að gefa mér að meðalhófið sé best og þar liggi almannahagur í efnahagslegu tilliti.

John Stuart Mill

Raunhyggjan

Raunhyggja er sú kenning að öll þekking eigi uppruna sinn í reynslu, og felur því í sér þá skoðun að við lærum af reyslunni. John Stuart Mill var þekktur raunhyggjumaður á nítjándu öldinni, og því má segja að Mill vilji líkt og Marx rýna í baksýnispegilinn og læra af mistökum forveranna. Munurinn er samt sá að Mill hefur meiri trú á mannum sem slíkum heldur en Marx, að mínu mati. Því eiga orð Rogers Crisp um Sókrates og rannsókn hans á almannahag í inngangi að *Nytjastefnunni*, einkar vel við í þessu samhengi:

Sókrates spurði ungu mennina sem komu til viðræðna við hann: „Hvernig ber að haga lífi sínu?“ Svarið við spurningunni fólst í að svara þremur frekari spurningum. Hvað er hamingja? Hver er siðferðilega réttur lífsmáti eða breytni? Og hver eru tengslin á milli hamingju og siðferðis? Þetta eru þær þrjár meginspurningar sem Mill fæst við í *Nytjastefnunni*.³¹

Þarna liggja undirstöður samfélagsins og skynsamleg svör við slíkum spurningum ættu að mati Mills að leiða til bættrar hegðunar og aukinnar þátttöku almennings í mótun samfélagsins. Vilhjálmur Árnason segir í bók sinni *Farsælt líf, réttlátt samfélag* að:

Grundvallarkenning nytjastefnunnar – „hámarkshamingjulögmálið“ – er raunar sú að menn eigi að leitast við að auka hamingju og draga úr böli sem flestra enda sé hamingja allra jafngild. Siðferðilegt gildi athafnar eykst í réttu hlutfalli við fjölda þeirra sem njóta góðs af henni, það er í samræmi við það „ánægjumagn“ sem hún hefur í för með sér. Það væri því freistandi að kalla hana *almannaheillastefnu* á íslensku.³²

Að þessu gefnu er ég þeirrar skoðunar að það sé öllum til heilla að lærdómurinn sem við getum dregið af fenginni reynslu, skili sér til komandi kynslóða. Þó verður að hafa í huga að Mill flækir reyndar málið talsvert því hann gerir greinarmun á tegundum ánægju, það er ekki það sama að gera svín ánægt eða gera manneskju til geðs, og reynslan sýnir að maður sem hefur reynslu af báðum þessum tegundum ánægju tekur hina síðarnefndu fram yfir hina fyrrnefndu.

³¹ John Stuart Mill, *Nytjastefnan*, (þýð. Gunnar Ragnarsson með inngangi eftir Roger Crisp í þýðingu Þorsteins Hilmarssonar), Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 1998, bls. 9.

³² Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, Heimskringla Háskólaforlag Máls og menningar: Reykjavík 2008, bls. 106–107.

En er breytni manna endilega mótuð af fyrri reynslu? Mín skoðun er einmitt sú að það sé oft tilfinning eða innsæi sem leiði til breytni, frekar en það að reynslan sé alltaf mólandi við ákvarðanatöku. Í *Frelsinu* talar Mill um stjórnskipulag á þessum nótum og varar við hugmyndum um það að ala alla upp í sama mótinu, þeirri ógn að stjórnvöld séu skoðanamyndandi. Þriðji kafli *Frelsisins* heitir einmitt *Um einstaklingseðlið sem eitt af skilyrðum gæfunnar*, og í þeim kafla er Mill að ítreka það að stjórnkerfið verði að vera æðra manningnum en völd þess megi þó ekki verða of mikil. Hann bendir líka á það að ef maðurinn geti tekið fram fyrir hendurnar á stjórnkerfinu sé voðinn vís. Hann nefnir Kínverja sem víti til varnaðar: „Kínverjar eru gáfuð og að sumu leyti vitur þjóð, vegna þess að þeir eignuðust snemma á öldum einkar góða siði.“³³ Hann segir síðan að þetta megi að öllum líkindum rekja til fáeinna manna sem jafnvel skynsömustu Evrópubúar myndu kalla heimspekinga og vitringa. Þarna hæðist Mill að *tískunni*, og heldur síðan áfram:

Kínverjum hefur tekist það framar öllum vonum, sem enskir mannvínir keppa svo ákaft að: að gera alla menn eins og láta hugsun og háttu allra manna lúta sömu lögum og reglu. Og árangrinum hef ég lýst. Stjórn almenningsálitsins á okkar dögum er í óskipulegri mynd það, sem kínverska skólakerfið og stjórnkerfið er í skipulegri mynd.³⁴

Með öðrum orðum stafar almannahag mikil hætta af ofríki stjórnvalda þ.e. því þegar stjórnvöld stýra hugsun og hegðun fólks – en almenningsálitið getur raunar gegnt sama hlutverki. Mill kemur síðan með góðan punkt sem á við í Evrópu árið 2013, en Mill taldi hann lýsa styrkleika Evrópu árið 1859:

Hvað hefur gert evrópsku þjóðafjölskylduna að framsæknum hluta mannkyns í stað kyrrstæðs? Ekki eru það yfirburðir, því að yfirburðir eru afleiðing, en ekki orsök. Ástæðan er hin mikla fjölbreytni evrópskrar skapgerðar og þjóðmenningar.³⁵

Þessi gagnrýni Mills á samfélagsgerðina í *Frelsinu* minnir mig talsvert á fíringuna sem Marx lýsir svo fjálglega í lýsingum sínum á niðurlægingu mannsins í auðmagnssamfélaginu. Að mínu mati eru þeir báðir að tala á svipuðum nótum og hafa áhyggjur af því hvernig samfélagsgerðin getur slökkt á allri einstaklingshyggju og svipt einstaklinginn öllum tækifærum til þroska. Mill vitnar í Wilhelm von Humboldt í *Frelsinu*³⁶ og segir að það séu tvö nauðsynleg skilyrði mannlegs þroska. Þessi tvö atriði eru frelsi og fjölbreytni. Yfiringur

³³ John Stuart Mill, *Frelsið*, (þýð. Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason), Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 2000, bls. 134–135.

³⁴ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 135.

³⁵ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 135-136.

³⁶ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 136.

stjórnvalda er því ógn við almannaheill, og Mill segir að ef nokkurn tíma sé ástæða til þess að hampa frelsi einstaklingsins, þá sé það þegar ógn sem þessi steðjar að. Því er nauðsynlegt að gæta hags þeirra sem eru í lægstu þrepum samfélagsins, auka frelsi án þess að ganga á rétt annara og auka fjölbreytni.

Nytjastefnan

Ég hef velt því fyrir mér hvaða nytjar séu fólgnar í almannahag. Ef ánægja er eitt af því sem við sækjumst eftir í lífinu og við getum mælt gildi ánægju á einhvern hátt, þá virkar aðferðafræði Mills að mínu mati. En útreikningur á nytjum er mun flóknari en svo að hægt sé að búa til einfalda reikniaðferð til að hámarka almannahag. Mín skoðun er sú að það sé mikil einföldun hjá Mill að halda því fram að einungis ánægja sé eftirsóknarverð. Tilfinning mín er sú að flestir lesendur *Nytjastefnu* Mills sjái að þar gengur ekki allt saman upp. Í inngangi sínum segir Crisp, með tilvísun til sönnunar Mills á nytjastefnunni:

Sú aðferð Mills að höfða til langana okkar eða eftirsóknar virðist kollvarpa sönnun hans. Margir komast nefnilega að því við umhugsun að þeir sækist í raun eftir hlutum óháð ánægjunnar sem þeir hafa í för með sér.[...] Og í tilfellum þar sem um er að ræða eftirsókn í hluti eins og ódauðlegan orðstír verður greinarmunurinn á markmiðinu og ánægjunnar enn skýrari.³⁷

Aðferðafræði Mills á þannig að sýna okkur fram á að reynsla okkar skeri úr um það hvort athöfn okkar stuðli að almannahag eða ekki. Þannig eru nytjar í þágu almannaheilla svolítið að vefjast fyrir mér. Mér þykir erfitt að gera mér í hugarlund siðferðilega breytni án þess að hugsa um sjálfan mig fyrst. En ef almennir hagsmunir og hagsmunir manns sjálfs fara saman, er auðvelt að taka skynsamlega ákvörðun. Öllu verra er að taka ákvörðun þegar almannahagsmunir og eiginhagsmunir fara ekki saman, þá reynir á siðferðið og dómgreindina. Í *Frelsinu* segir Mill að umbætur í átt til framfara hjá frumstæðum samfélögum séu réttlætanager í þágu almannahags:

Einræði er réttmæt stjórnskipan í löndum villimanna, svo fremi að tilgangurinn sé að bæta þá og réttlætist af því, að honum sé í raun og veru náð. Frelsið getur ekki orðið almenn regla, fyrr en mannkynið er þess umkomið að taka framförum fyrir frjálsar og jafnar umræður. [...] Með slíkum þjóðum er valdbeiting, hvort heldur beinar þvinganir eða tilskipanir að viðlögdum refsingum, ekki lengur leyfileg aðferð mönnum sjálfum til heilla, heldur einungis afsakanleg öðrum til varnar.³⁸

³⁷ John Stuart Mill, *Nytjastefnan*, bls. 54.

³⁸ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 46.

Þessi orð þarf að túlka í ljósi þess á hvaða tíma þau voru skrifuð. En ef við snúum þessum orðum upp á samtímann virðist blasa við að vestrænar þjóðir eru enn að reyna að bæta samfélög í sína eigin þágu. Stjórnvöld verja sig ævinlega á þeim forsendum að þau séu að verja almenning en ekki að gæta hagsmuna fárra, en eru þau ekki mun oftar að gæta hagsmuna fárra? Getum við sagt að nytjar flestra séu hámarkaðar? Og ef við reiknum út þá ánægju okkar sem er fólgin í því að fá ódýrt súkkulaði eða aðrar ódýrar neysluvörur má spyrja: hvernig er hægt að sanna það að súkkulaði veiti meiri ánægju en kaffi? Það er ekki hægt. Mill er á óljósri braut þegar hann vill færa sönnur á nytjaregluna. Hann bendir á þá staðreynd að eina sönnunin fyrir því að hlutur sé sýnilegur sé sú að þú sjáir hlutinn í raun, sömu sögu er að segja um aðra reynslu, eina sönnunin er þín upplifun. Síðan segir Mill:

Á sama hátt virðist mér að einu rökin sem geti staðfest að eitthvað sé eftirsóknarvert séu að fólk sækist eftir því í raun. Ef markmið það sem nytjastefnan heldur fram væri ekki viðurkennt í orði og verki þá væri aldrei hægt að sannfæra neinn um það.³⁹

Raunhyggjumaðurinn Mill vill höfða til reynslu fólks af þeim gæðum sem það sækist eftir, það er staðreynd að hans mati að hamingja sé eftirsóknarverð og þess vegna sækir fólk í allt það sem geri það hamingjusamt. Vilhjálmur Árnason⁴⁰ bendir á það að við túlkun á þessum atriðum í kenningum Mills sé villandi að takmarka sig við það að þetta sé einhvers konar sönnun, heldur bendir á skrif Mills þar sem segir í almennum athugasemdum við *Nytjastefnuna*, lið nr.5:

Ég vil heldur reyna að leggja eitthvað af mörkum til skilnings og réttis mats á þeirri stefnu og færa sönnur á hana að því leyti sem það er hægt. Það er auðsætt að hér verður engri sönnun við komið í venjulegri og alþýðlegri merkingu orðsins. Um endanleg markmið verður ekkert sannað beint. Eina leiðin til að sanna að eitthvað sé gott er að sýna fram á að það leiði til einhvers sem viðurkennt er að sé gott án þess að það sé sannað.⁴¹

Því eru nytjar almannahags hámarkaðar án beinnar sönnunar. Það er betra að fá lítinn bita af stórrí köku, heldur en stóran bita af lítilli köku. Þennan frasa skilja flestir án sönnunar.

³⁹ John Stuart Mill, *Nytjastefnan*, bls. 153.

⁴⁰ Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, bls. 118.

⁴¹ John Stuart Mill, *Nytjastefnan*, bls. 98.

Félagsleg frjálshygga

Stjórnámálaskoðanir Mills eru bæði róttækar og íhaldssamar. Honum finnst mjög greinilega að það sé nauðsynlegur valkostur að yfirvöld geti skert frelsi einstaklingsins. En Mill segir jafnframt að af þessari staðreynd megi „menn ekki draga þá ályktun [...], að samfélagið hafi ævinlega íhlutunarrétt, þegar athafnir einstaklings skaða hagsmuni annara eða stofna þeim í hættu“⁴². Í beinu framhaldi kemur frjálshynda Mills fram, því hann segir „hagsmunaárekstrar einstaklinga stafa einatt af illri samfélagsskipan“⁴³. Þjóðarvilji er vilji þess meirihluta sem til valda hefur komist:

Sú „þjóð“, sem fer með valdið, er ekki ætíð sama þjóðin og fyrir því verður. Og „sjálfræðið“, sem um er talað, er ekki í því fölgandi, að hver einstaklingur sé sjálfráður, heldur að hver og einn líti öllum hinum. Enn fremur merkir „þjóðarvilji“, þegar til kastanna kemur, einungis vilja fjölmennasta og ötulasta *hluta* þjóðarinnar.⁴⁴

Í þessum hugmyndum um valdbeitingu stjórnvalda í lýðræðisríki koma fram félagslegar hugmyndir Mills um frelsi einstaklingsins, það er ekki endilega víst að einstaklingurinn sé sammála þeim stjórnvöldum sem við völd eru í það og það skiptið. Þannig finnst mér koma fram íhaldssamar hugmyndir Mills um beitingu valds, þó þannig að enginn sé órétti beittur. Mill er því að benda okkur á vandann við beitingu valds í nafni lýðræðis.

En eins og ég benti á hér á undan (bls.16) verja stjórnvöld gjörðir sínar enn með rökum nytjahyggjunnar að mínu mati, þau séu að vernda hag almennings í sínu heimalandi meðan þau skipta sér af málefnum annara þjóða og þá oftast með valdbeitingu eða viðskiptaþvingunum. En viðskiptaþvinganir virðast vera vinsælt tæki til kúgunar nú á tuttugustu og fyrstu öldinni.

Áhrif frá æsku Mills og uppeldi hans markar líka skoðanir hans á stjórnámálum, og verða til þess að hann áttar sig á því að útreikningur á hamingju eða ánægju er margbrotinn og flókinn. Í því efni er Mill líklega að glíma við drauga úr fortíðinni, áhrif frá uppeldi föður síns mögulega og reynslan af þeirri glímu mótar afstöðu hans. Það geta fleiri en ríkisvald beitt valdi, stjórnendur fyrirtækja, landeigendur og markaðurinn geta beitt valdi, þó svo markaðurinn geri það ómeðvitað þá verður fólk lúta vilja markaðarins. Skirbekk segir um félagshyggjuþráðinn í hugsun Mills:

⁴² John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 169.

⁴³ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 169.

⁴⁴ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 37.

Mill viðurkennir ekki kenningar markaðshyggjunnar um „náttúrulegt lögmál“ og að frjáls samkeppni veiti það aðhald sem þörf er á. Þannig opnar hann fyrir gagnrýni á hagkerfið. Hann hafnar því að hinn frjálsi markaður og lögmál hans séu náttúrulegt ástand sem ekki megi hrófla við. Ef stjórnvöld telja félagslegar og efnahagslegar aðstæður vera óæskilegar að einhverju leyti er þeim leyfilegt að grípa í taumana með lagasetningu.⁴⁵

Því finnst mér við hæfi að huga örlítið að hagfræði Mills þegar leitinni að almannahag er beint að samfélagsgerðinni og skipan markaðarins. Hagfræði Mills fólst í því að byggja ofan á þá hagfræðipækkingu sem fyrir var og þeir Ekelund og Hébert segja um hagfræði kenningar Mills, í minni þýðingu:

Að þessu leyti vildi Mill leggja áherslu á tvöfalda virkni verka sinna, kenningar og notkun þeirra frá byrjun. Markmið hans voru skýr: þau voru að taka saman og mynda eina heild úr allri þeirri hagfræðipækkingu sem fyrir lá á þessum tíma. Aðferðafræðileg úrvalsstefna Mills gaf [bók hans] *Lögmálum hagfræðinnar* einstakt yfirbragð. Í gegn um tengsl sín við Comte og Saint-Simonista var hann sannfærður um þá tvískiptingu sem var á milli hagfræðilegra lögmála framleiðslunnar og félagslegra lögmála dreifingar. Þau fyrri, samkvæmt Mill, eru óbreytanleg, þeim er stjórnað af náttúrulögmálum. Þessi lögmál sem Ricardo og fylgismenn hans hafa lýst svo vel, eru viðeigandi vettvangur hagfræðinnar í þröngum skilningi, sem sérstök vísindi. En lögmálin um félagslega dreifingu, eru ekki ákvörðuð einvörðungu af lögmálum hagfræðinnar, hélt Mill fram. Þau eru hins vegar, nánast að öllu leyti málefni mannlægs vilja og stofnana, sem um leið eru háð virðisbreytingu, siðferði, smekk og félagslegum viðhorfum. Því er hængur á skýringunum á lögmálunum um félagslega dreifingu, því fullkomin skýring á þeim og skilningur liggur ekki eingöngu í hagfræðilegri rannsókn heldur í sögulegum lögmálum sem liggja undir framvindu hagkerfisins.⁴⁶

Þannig er hagfræði Mills undirstaða kenninga hans um samspil einstaklingsins, markaðarins og stjórnvalda. Samt er óljóst hvaða þættir sem snerta hag einstaklingsins eru veigamestir í þessum kenningum, því Mill slær marga varnagla á eftir öllum sínum kenningum og því má ekki gleyma að lögmál markaðarins eru ekki náttúrulögmál að mati Mills. Minn skilningur á félagslegri frjálshyggju Mills er á þá leið að almannahagur sé hámarkaður með frelsi undan stjórnvöldum með ákveðnum takmörkunum. Hámarksnytjar eins hámarka því um leið hámarksnytjar fjöldans.

⁴⁵ Gunnar Skirbekk, Nils Gilje. *Heimspækisaga*, bls. 410.

⁴⁶ Robert B. Ekelund, Jr. & Robert F. Hébert, *A History of Economic Theory and Method*, bls. 169-170.

Frelsi einstaklingsins

Árið 1826 veikist Mill og hann fer að efast um hugmyndir Jeremys Bentham á sviði nytjahyggjunnar. Þessi veikindi verða til þess að Mill kynnir sér kerfisbundið aðra kosti, og les verk margra mismunandi manna, háðsdeiluhöfunda, skálda, sagnfræðinga, félagsfræðinga og heimspekinga, einnig las hann verk frönsku stjórn mála og þjóðfélagsshreyfingarinnar sem kenndi sig við Saint-Simon. Hann hélt líka sambandi við sína fyrri samstarfsmenn og félaganytjastefnunnar og dagblað þeirra *The London and Westminster Review*. Mill segir að fjölbreytni eigi að fá að njóta sín, það megi ekki standa í vegi fyrir skoðanamyndun fólks og í raun sé það lykilatriði fyrir almannahag að einstaklingseðlið fái notið sín. Að mínu mati er hægt að rekja þessar ályktanir aftur til hans eigin uppeldis þ.e. til þess yfirgnæfandi föðurvalds sem var ráðandi í uppeldi hans og mótnun. Því má segja að raunhyggja Mills þ.e. hans eigin reynsla, kenni honum að betra sé að þvinga ekki skoðunum upp á fólk.

Reglan sem heitir *the harm principle* á ensku og Mikael M. Karlsson kallar einfaldlega *frelsisverndarregluna*,⁴⁷ telur upp allt það sem almannahag varðar og felur í sér að það má ekki skerða frelsi einstaklings nema að um sjálfsvörn sé að ræða. Heill og hamingja einstaklings er heldur ekki næg ástæða til þess að skerða frelsi einstaklings, það að neyða mann til þess að gera eitthvað eða að láta það ógert, á þeim forsendum að hann verði ánægðari fyrir vikið er heldur ekki réttlæt看legt jafnvel þótt öðrum finnist það vera svo.

Maður má höfða til skynsemi fólks, vilji maður fá fólk til að skipta um skoðun eða biðja það um eitthvað. Þarna er líka minnst á ábyrgð fólks gagnvart samfélaginu. Hver maður ber einungis ábyrgð á þeim gjörðum sínum sem aðra varða, og hefur því óskert frelsi til alls sem snertir einvörðungu hann sjálfan, einnig það að hver maður hefur fullt vald yfir sjálfum sér, líkama sínum og sál. Mill telur að það sé jafnvel ástæðulaust að taka það fram að þessi regla eigi ekki við um andlega vanþroska fólk, börn og unglunga og aðra þá sem telja má ómynduga að lögum. Einnig má undanskilja frumstæð samfélög.

Þessi upptalning mín á helstu atriðunum í frelisisverndarreglu⁴⁸ Mill lýsir í hnotskurn þeim áherslum sem hann leggur á almannahag í kenningum sínum. Margt af orðfæri nítjándu aldar er ekki við hæfi í dag, en með umorðun ætti slíkt orðfæri fullt erindi við nútímann. Þrátt fyrir

⁴⁷ Mikael M. Karlsson, „Er nýfrjálshyggja í anda Johns Stuarts Mill?“, *Hugsað með Mill*, ritstjórar Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason, Háskólaútgáfan: Reykjavík 2007, bls. 87.

⁴⁸ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 45-46.

Það er það þessi mótun á einstaklingum sem Mill hefur mikla andúð á, samfélagslegs eðlis og hún er hættuleg að mati Mills, hann minnst á það oft og mörgum sinnum hvernig samfélagið stýrir þegnum sínum í gegn um sömu mótunina, og segir:

Í meginatriðum lesa nú allir hið sama, sjá hið sama, hlusta á hið sama, vitja sömu staða, beina von sinni og ótta að hinu sama, hafa sama rétt og sama frelsi og sama kost á að neyta réttar síns og frelsis.⁴⁹

Hann heldur síðan áfram að tala um það hvað samfélag nítjándu aldar sé að verða einsleitt, og bendir á þau atriði sem mestan þátt eiga í slíku almenningsbóli. Ég er sammála Mill í því að óskorað húsbóndavald almenningsálitsins er böll, það steypir alla í sama mótið. Stjórnámálamenn missa sýn á það sem skiptir máli og láta almenningsálitið ráða för. Þannig verður almenningsálitið ráðandi í stofnunum samfélagsins og frelsi einstaklingsins til eigin skoðana fótum troðið. Þessi öfl styrkjast og vinna gegn almannahag. Í lokin á þessum kafla segir Mill:

Yfirganginum verður því aðeins viðnám veitt með góðum árangri, að ráð sé í tíma tekið. Sú krafa, að allir menn skuli vera hver öðrum líkir, vex að því skapi sem meira er eftir henni látið. [...] Mannkynið hættir á skömmum tíma að geta skilið eða hugsað sér margbreytni, þegar það hefur um skeið afvanizt því að leiða hana augum.⁵⁰

Þessi orð Mills finnast mér eiga mikinn samhljóm hjá Marx og er ég þeim sammála um það að á þessum nótum sé almannahag hætta búin. Nytjarnar eru þær að uppeldi og mótun samfélagsins verður að skapa einstaklingnum hamingjuríkt líf, Vilhjálmur Árnason⁵¹ bendir á að það sé í rauninni tóm mál að tala um að auka á ánægju í heiminum, nema að samfélagið búi þeim sem í heiminum búa skilyrði til að njóta þeirra gæða sem lífið býður uppá. Vilhjálmur segir síðan á sama stað að heildin í málflutningi Mills sé fólgin í þeim þáttum einstaklingsfrelsis og sjálfsþroska, sem og þáttum menntunar og samfélagsskipulags sem lesa má út úr bæði *Frelsinu* og *Nytjastefnunni*, þessir þættir verði að spila saman til að almannaheill verði sem mestur. Ég er sammála þessu og tel því að almannahag sé best borgið þegar einstaklingurinn er með réttláta samfélagsvitund og samfélagið virðir frelsi og nytjar einstaklingsins.

⁴⁹ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 137.

⁵⁰ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 138.

⁵¹ Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, bls. 127.

Undirstaðan

Mill segir sjálfur í upphafi *Nytjastefnunnar* þegar hann er að ræða skynsemina og reynsluna í ljósi siðfræðinnar:

Samkvæmt annari skoðuninni eru frumreglur siðgæðisins auðsæjar fyrirfram: Skilji menn merkingu orðanna hljóti þeir að fallast á þær. Samkvæmt hinni kenningunni sker athugun og reynsla úr um rétt og rangt eins og um satt og ósatt.⁵²

Og upphafsorð *Frelsisins* eru:

Þessi ritgerð fjallar ekki um svonefnt frelsi viljans, sem hefur því miður verið talið brjóta í bág við þá kenningu, sem ranglega er nefnd nauðhyggja. Hún fjallar um borgaralegt eða félagslegt frelsi, um eðli og takmörk hins réttmæta valds þjóðfélagsins yfir einstaklingnum. Þetta vandamál er sjaldan nefnt og næstum aldrei rætt frá almennu sjónarmiði. Engu að síður býr það undir flestum ágreiningi og átökum þessarar aldar.⁵³

Gagnstætt Marx þar sem efnahagurinn er undirstaðan, er Mill á því einstaklingurinn sé undirstaðan. Samkvæmt þessu er reynslan af bæði frelsinu og eðli samfélagsins samtvinnuð undirstöðunni. Mill er samt enginn talsmaður ríkisins. Hann er frjálslyndari en svo að hafa ofurtrú á gáfumannafélaginu, félagi í gáfumannafélaginu lifir ekki að eilífu og varar við íhlutun ríkisins sem þó skerðir ekki frelsi einstaklingsins. Þessi gagnrýni á íhlutun ríkisins er í þremur liðum. Um fyrsta liðinn það þarf ekki að hafa mörg orð, en í honum felst að sá er hæfastur til að vinna verk sem á beinna hagsmuna að gæta. Þetta eru hagfræðileg rök að mati Mills. Næstu rök eru skyldari hugmyndum Mills en þau eru að það geti verið betra að láta einstakling vinna eitthvað tiltekið verk, jafnvel þótt hann geri það ekkert sérstaklega vel, heldur af þeim sökum að það eykur andlega menningu hans og dómgreind og veiti honum þannig þekkingu sem hann annars hefði ekki fengið. Þriðju rökin eru brýnust að mati Mills en þau eru svona:

Hún er hið mikla böll, að ríkisvaldið sé aukið að óþörfu. Vert það hlutverk, sem ríkisvaldið tekur að sér auk þeirra, sem það gegnir þegar, eykur áhrif þess á vonir manna og ótta og veldur því, að athafnasamir og metnaðargjarnir menn verði æ háðari ríkisstjórninni.⁵⁴

⁵² John Stuart Mill, *Nytjastefnan*, bls. 95.

⁵³ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 33.

⁵⁴ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 194.

⁵⁴ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 198.

Af þessum þáttum í undirstöðu samfélagsins hefur Mill áhyggjur, líkt og Marx treystir hann ekki stjórnvöldum til þess að gæta réttar almúgans. Í lokakafli *Frelsisins* er Mill að mínu mati svolítið á nótum firringarinnar. Þá á ég við þá firringu sem ætla mætti að myndi gera vart við sig ef á versta veg fer með stjórn samfélagsins. Hann þreytist ekki við að benda á mikilvægi fjölbreytileikans í samfélagi manna og segir:

Öðru má heldur ekki gleyma. Ef allir helztu hæfileikamenn landsins gerast embættismenn stjórnarinnar, þá er úti um gáfur og andlegar framfarir embættisstéttarinnar. Embættismennirnir eru sameinaðir í einu kerfi, sem hlýtur að fylgja föstum reglum að miklu leyti eins og öll kerfi. Af þessum sökum hættir embættismönnum ávalt við að verða svefngöngur vanans.⁵⁵

Raunhyggja Mills talar hér væntanlega út frá reynslu og athugun. Ég skil Mill á þann veg að undirstaða samfélags manna, búi í manninum sjálfum. Ef innræti einstaklings er ekki gott, þá vantar bæði frelsi og fjölbreytni. Því geta stjórnvöld mótað samfélagið eftir sínum kröfum og þá höfum við undirstöðu mjög brenglaðs samfélags. En í samfélagi þar sem frelvisverndarreglan og almannahagur fara saman í undirstöðunni ætti að vera heilbriggt samfélag. Að mínu mati er almannahagur í kenningum Mills hámarkaður allsstaðar en þá gengur kenningin gegn tilteknum atriðum sem hann heldur fram annars staðar. Því siðferðis hugmyndir nytjastefnunnar ganga að miklu leiti út á það að hámarka fyrir fjöldann á meðan *frelvisverndarreglan* leggur meiri áherslu á hag einstaklingsins. Víxlverkunin á milli nytjastefnu Mills og frelvis einstaklingsins er því ekki alltaf sjálfgefinn. En að gefinni þeirri forsendu að Mill hafni markaðshyggju og vilji bæta hag almúgans og ef það er frumregla þá er hagur almennings hámarkaður með því að fara eftir orðum Mills:

Tilgangur þessa rits er að setja fram eina ofureinfalda reglu, sem getur skorið úr því afdráttarlaust, hvenær samfélaginu leyfist að hlutast til um málefni einstaklingsins, hvort sem viðurlögin eru líkamlegt ofbeldi í mynd lagarefsinga eða siðferðileg þvingun almenningsálitsins.⁵⁶

Þessi ofureinfalda regla hámarkar því almannahag.

⁵⁵ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 45.

Lokaorð

Er almannahagur í ljósi kenninga þeirra Marx og Mills augljós?. Lærum við af sögunni og lærum við af reynslunni? Samfélagsleg mistök og annað sem er enn í fersku minni okkar leiðir í ljós að þetta eru nánast sömu vandamálin og þeir Marx og Mill bentu á í samfélagsgagnrýni sinni. Í *Rannsóknarskýrslu Alþingis* segir að:

Fjármálakreppur og gjaldþrot banka eru langt frá því að vera ný af nálinni heldur hafa þau verið fylgifyskur vestræns fjármálakerfis. Lærdómar undangenginna fjármálakreppa um allan heim eru nánast á einn veg: Ef reglur um heilbrigða starfshætti eru ekki virtar er voðinn vís. Líkt og í siðareglum varðveitast í reglum og lögum um fjármálalífið reynsla undangenginna kynslóða og lærdómar fortíðarinnar. Því er mikilvægt að hafa í huga að lög og starfsreglur eru ekki sett til þess að leggja stein í götu athafnamanna heldur fremur til að tryggja heilbrigða starfshætti og koma í veg fyrir að stjórnendur falli í þá freistni sem óábyrg áhættusækni getur leitt þá í. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að almenn lög eru takmörkunum háð. Þau eru fyrst og fremst lágmarksreglur sem þykir sjálfsagt að fylgja og þegar þeim sleppir tekur siðferðileg dómgreind við.⁵⁷

Þetta er nákvæmlega það sem Mill er að benda á: þegar fjölbreytni skortir og þegar samfélagið mótast einstaklinginn er þessi hættu fyrir hendi – hættan á hjarðhegðun. Í þessu tilfelli á fjármálamörkuðum alls heimsins, því þar gengu menn í takt við almenningssálitið og almenningssálitið var í takt við fjármálamarkaðina. Marx er meira á hagfræðilegum nótum að mínu mati og lítur svo á að efnahagurinn sé undirstaðan og að virðið sé skapað með vinnu. Þeir Ekelund og Hébert segja í upphafi umfjöllunar sinnar um hagfræðikenningar Marx⁵⁸ að það hljóti að vera erfitt að finna áhrifameiri höfund í sögu félagslegrar hugsunar heldur en Karl Marx. Þrátt fyrir að búið sé að afneita innblásnum marxískum hagfræðikenningum um allan heim í dag, þá sé maðurinn og kerfið enn heillandi og áhugavert fyrir fræðimenn um allan heim. Efnishyggja Marx kom mér mest á óvart í þessari litlu rannsókn minni, sérstaklega það hvað Marx leggur mikla áherslu á að undirstaða alls sé í hagkerfinu. Þrátt fyrir það að ég sé honum alveg hjartanlega sammála í því efni, átti ég von á meiri skírskotun til mannlegs eðlis. Ottó Másson segir um söguskoðun Marx:

Oft er hvers kyns „fortíðarþrá“ hallmælt með talsverðum þjósti, og mun þess ekki vænst að ræða þurfi frekar svo flíflæg sjónarmið. [...] Er með leyfi að spyrja nokkuð því til fyrirstöðu að fólk sæki til sögunnar hugmyndir og noti þær til að gagnrýna ríkjandi skipulag og stofnanir?⁵⁹

⁵⁷ Rannsóknarnefnd Alþingis. *Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis*, 8.bindi, bls.13.

⁵⁸ Robert B. Ekelund, Jr. & Robert F. Hébert, *A History of Economic Theory and Method*, bls.243.

⁵⁹ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 133.

Þessi orð vil ég tileinka þeim báðum Marx og Mill og held að þeir myndu báðir taka undir þetta heils hugar. En Ottó heldur áfram:

Gallinn er sá að Marx segist einmitt ekki byggja á forðabúri sögunnar, en elur í staðinn á gagnrýnislausri tæknidýrkun sem fer illa saman við gagnrýni hans á auðmagnsskipulagið; sjónarmið umhverfisverndar og aðgæslu manna í náttúrunni er í dag eitthvert hið mikilvægasta sem fært er fram í gagnrýni á kapitalisma, en getur fátt sótt til Marx.⁶⁰

Mill er meira að setja fram gagnrýnið kerfi, sem standast á tímans tönn, hann gagnrýnir samfélagsgerðina en hefur meiri trú á eðli mannsins en Marx. Reynslan á að kenna okkur að breyta rétt, og hámarka velferð allra. Mill talar líka mikið um samfélagslega ábyrgð og frelsi, það megi ekki hindra neinn einn í því að gera það sem hann vill, svo lengi sem það skaðar ekki aðra. Kafli 1.3 í 8.bindi skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um fall bankanna segir hvernig bankarnir, lífeyrissjóðirnir og stjórnendur þeirra voru í raun steypdir í sama mótið:

Með einkavæðingu og nýrri kynslóð stjórnenda voru sett ný viðmið um launakjör og kaupréttarsamninga, gjarnan tengd við afkomu bankanna. Af þessum sökum var það hagur eigenda og stjórnenda að sýna sem besta afkomu og greiða sem hæstan arð enda átti íslenskur hlutabréfamarkaður eftir að sýna fádæma ávöxtun. Þessi viðmið um vöxt og aukin efnisleg gæði höfðu líka djúpstæð áhrif á samfélagið allt.⁶¹

Þessi skortur á fjölbreytni eða mótun samfélagsins á fjármálastarfseminni er er eins og sýnidæmi um það sem gagnrýni Mills beinist að, þegar allir eru komnir á sömu skoðunina þá liggur leiðin til glötunar. Samfélagið gekk í takt við fjármálaheiminn og þorri manna trúði því að nýtt módel í viðskiptum hefði verið fundið upp á Íslandi. Einstaklingshyggjan var því ráðandi og menn höfnuðu skynseminni í blindni. *Nýjar dyggðir, sígildir lestir* er kaflaheiti í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og eru lokaorðin þar lýsandi fyrir þessa ritgerð:

Það á við á öllum tímum að mikilvægt er að móta stjórnkerfi sem lágmarka áhrif breytilegra mannkosta og lasta á afdrif samfélagsins.⁶²

Reynslan, sagan, firringin og skynsemin séu í aðalhlutverkum í kenningum þeirra Marx og Mills, en það má lesa ákveðna firringu út úr lokakafla *Frelsisins*. Einfalda skýringin er því sú að það sé almannahagur að minnka bölg og auka velsæld, og kenningar þeirra beggja snúast um þetta að stórum hluta, kenningar Marx eru meira á efnahagshliðinni og Mill meira á mannlegu nótunum, hjá þeim liggur þó mun meira undir og er ég sammála þeim báðum í

⁶⁰ Karl Marx, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum*, bls. 133.

⁶¹ Rannsóknarnefnd Alþingis. *Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis*, 8.bindi, bls.58.

⁶² Rannsóknarnefnd Alþingis. *Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis*, 8.bindi, bls.193.

grunninn um hugmyndir þeirra um almannahag. Lokaorð mín ætla ég að hafa frá Þorsteini Gylfasyni úr forspalli hans að *Frelsinu*, og láta þessi orð gilda um allan lestur.

Því má enginn lesandi bókarinnar lesa hana gagnrýnislaust, heldur ber honum að efast um alla kenningu hennar eftir fremsta megni. Og slíkur lestur þessarar litlu bókar má ætla að yrði mörgum Íslendingi holl æfing ekki síður en útlendum mönnum. Af þeim lestri kynnu menn jafnvel að læra að efast um aðra hluti en þá eina sem fjallað er um í *Frelsinu*.⁶³

⁶³ John Stuart Mill, *Frelsið*, bls. 27.

Heimildaskrá

Descartes, René, *Orðræða um aðferð* (þýð. Magnús G. Jónsson), Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 1998.

Ekelund, Robert B. Jr. & Hébert, Robert F, *A History of Economic Theory and Method*, fimmta útgáfa, Waveland press inc: Illinois 2007.

Gilje, Nils & Skirbekk, Gunnar, *Heimspækisaga*, (þýð. Stefán Hjörleifsson), Háskólaútgáfan: Reykjavík 2008.

Guðmundur Heiðar Frímansson, „Fulltrúastjórn og lýðræði“, *Hugsað með Mill*, ritstjórar Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og Viljálmur Árnason, Háskólaútgáfan: Reykjavík 2007.

Marx, Karl & Engels, Friedrich, *Kommúnistaávarpið* (þýð. Sverrir Kristjánsson), Jafnaðarmannafélagið, prentsmiðja Odds Björnssonar: Akureyri 1924.

Marx, Karl, *Æskuverk úr þýsk-frönskum árbókum* (þýð. Ottó Másson), Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 2011.

Mikael M. Karlsson, „Er nýfrjálshyggja í anda Johns Stuarts Mill?“, *Hugsað með Mill*, (ritstjórar Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og Viljálmur Árnason), Háskólaútgáfan: Reykjavík 2007.

Mill, John Stuart, *Frelsið* (þýð. Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason), Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 2000.

Mill, John Stuart, *Nytjastefnan* (þýð. Gunnar Ragnarsson með inngangi eftir Roger Crisp í þýðingu Þorsteins Hilmarssonar), Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 1998.

Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008, 2010.

Platon, *Ríkið* (þýð. Eyjólfur Kjalar Emilsson), Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 2009.

Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*, Heimskringla Háskólaforlag Máls og menningar: Reykjavík 2008.